

Íslenskir aðalverktakar hf.

Samstæða
Árshlutareikningur
janúar - júní 2005

Íslenskir aðalverktakar hf.
Keflavíkurflugvelli
235 Keflavíkurflugvöllur

kt. 660169-2379

Íslenskir aðalverktakar hf.

Samstæða

Árshlutareikningur

janúar - júní 2005

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda.....	2
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8-14

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Íslenskum aðalverktökum hf.

Við höfum kannað samstæðuárshlutareikning Íslenskra aðalverktaka hf. og dótturfélaga þess fyrir tímabilið janúar - júní 2005. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri yfirlýsingu sem við gefum um árshlutareikninginn á grundvelli könnunarinnar.

Við könnuðum árshlutareikninginn eftir þeim endurskoðunarvenjum á Íslandi sem við eiga þegar um könnun er að ræða. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að nokkuð góð víska fáiast um að árshlutareikningurinn sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Könnun felur einkum í sér fyrirspurnir til starfsmanna félagsins, greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins, auk samanburðar á kennitölum. Könnun veitir því minni vissu um árshlutareikninginn en þegar um endurskoðun er að ræða. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum því slíkt álit ekki í ljós á árshlutareikningnum.

Könnun okkar leiddi ekki annað í ljós en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins fyrir tímabilið janúar - júní 2005, efnahag þess 30. júní 2005 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar – júní 2005, í samræmi við góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 30. ágúst 2005.

Deloitte hf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Þórarinn Þórarinsson
endurskoðandi

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samstæðuárshlutareikningur Íslenskra aðalverktaka hf. og dótturfélaga þess fyrir tímabilið janúar - júní 2005 er gerður eftir viðurkenndum reikningsskilaaðferðum og með hliðstæðum hætti og ársreikningur 2004.

Að áliti stjórnar og forstjóra Íslenskra aðalverktaka hf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í lok tímabilsins, rekstrarárangri tímabilsins og fjárhagslegri þróun á tímabilinu.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 4.990 millj. kr. á tímabilinu. Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu var 299 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 9.669 millj. kr. Bókfært eigið fé í lok tímabilsins nam 3.423 millj. kr. og var eiginfjárhlutfall samstæðunnar í lok tímabilsins 35%.

Í lok tímabilsins voru tveir hluthafar í félaginu eins og í upphafi árs, þar af eru Drög ehf., með um 100% hlut

Stjórn og forstjóri Íslenskra aðalverktaka hf. staðfesta hér með samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið janúar - júní 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2005.

Í stjórn Íslenskra aðalverktaka hf.

Stefán Friðfinnson
formaður

Gunnar Sverrisson

Karl Þráinsson

Forstjóri

Gunnar Sverrisson

Rekstrarreikningur janúar - júní 2005

	Skýr.	2005 jan.-júní	2004 jan.-júní
Rekstrartekjur			
Tekjur verkframkvæmda	4	4.989.997	4.196.319
		<u>4.989.997</u>	<u>4.196.319</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður verkframkvæmda	4	4.251.513	3.475.768
Annar rekstrarkostnaður		202.206	190.215
		<u>4.453.719</u>	<u>3.665.984</u>
Hagnaður fyrir afskriftir		536.278	530.335
Afskriftir	2,9,19,20	<u>(141.580)</u>	<u>(128.381)</u>
Rekstrarhagnaður		394.698	401.954
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6,18	<u>(25.019)</u>	<u>(132.168)</u>
Hagnaður fyrir skatta		369.680	269.786
Skattar			
Reiknaður tekjuskattur	7,15,29	(70.466)	(51.964)
Eignarskattur		0	(4.280)
	31	<u>(70.466)</u>	<u>(56.244)</u>
Hagnaður tímabilsins		<u><u>299.214</u></u>	<u><u>213.542</u></u>

Fjárhæðir eru í þús.kr.

Efnahagsreikningur

		Eignir	
	Skýr.	30.06.2005	31.12.2004
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
Langtímakostnaður	8,19	120.914	136.592
		<u>120.914</u>	<u>136.592</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir og byggingarlönd		684.535	653.107
Vinnuvélar og tæki		815.314	824.185
Aðrir rekstrarfjármunir		37.183	47.217
	9,20,32	<u>1.537.032</u>	<u>1.524.510</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutir í öðrum félögum	10,23	8.100	8.429
Skuldabréfaeign	10	44.649	41.709
		<u>52.749</u>	<u>50.137</u>
Fastafjármunir		<u>1.710.695</u>	<u>1.711.239</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir og byggingarframkvæmdir			
Efnis- og vörubirgðir	11	61.821	65.076
Eigin byggingarframkvæmdir	11	1.309.911	981.288
Byggingarframkvæmdir, tilboðsverk	11	587.694	377.745
		<u>1.959.425</u>	<u>1.424.109</u>
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	12	933.907	1.203.815
Viðskiptakröfur, kaupsamningar	12	2.706.571	1.108.924
Aðrar skammtímakröfur	13	1.785.399	2.105.354
		<u>5.425.876</u>	<u>4.418.093</u>
Verðbréf			
Markaðsverðbréf.....	14	0	208.615
		<u>0</u>	<u>208.615</u>
Handbært fé			
Markaðsverðbréf.....	14,25	1.281	1.570
Bankainnstæður		572.171	755.079
		<u>573.453</u>	<u>756.649</u>
Veltufjármunir		<u>7.958.754</u>	<u>6.807.466</u>
Eignir samtals		<u>9.669.449</u>	<u>8.518.705</u>

Fjárhæðir eru í þús.kr.

30. júní 2005

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	30.06.2005	31.12.2004
Eigið fé			
Hlutfé	26	1.323.297	1.323.297
Lögbundinn varasjóður		350.000	350.000
Óráðstafað eigið fé		1.750.122	1.450.908
Eigið fé	27	3.423.418	3.124.205
Skuldir			
Skuldbindingar 15,32-36			
Lífeyrisskuldbinding	28	36.437	37.526
Tekjuskattskuldbinding	29	467.239	396.774
		503.676	434.300
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir og markaðsskuldabréf	16,30	2.953.889	2.926.533
		2.953.889	2.926.533
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	17	919.603	647.937
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	30	20.983	18.558
Reiknaðir skattar ársins.....	31	1.926	60.550
Óloknað verkframkvæmdir v/kaupsamninga.....		1.026.333	520.138
Byggingaframkvæmdir tilboðsverk.....		88.221	124.046
Ýmsar skammtímaskuldir		731.398	662.439
		2.788.465	2.033.668
Skuldir og skuldbindingar		6.246.031	5.394.501
Eigið fé og skuldir samtals		9.669.449	8.518.706

Fjárhæðir eru í þús.kr.

Sjóðstreymi janúar - júní 2005

	Skýr.	2005 jan.-júní	2004 jan.-júní
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		299.214	213.542
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	2,9,19,20	141.580	128.381
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda		40.607	68.153
Söluhagnaður eigna		(8.128)	(75.390)
Skuldbindingar, matsbreytingar og aðrar breytingar		69.432	48.964
Veltufé frá rekstri		<u>542.705</u>	<u>383.650</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur og birgðir, hækkun		(1.896.192)	(86.658)
Skammtímaskuldir, hækkun		1.080.391	305.979
		<u>(815.801)</u>	<u>219.321</u>
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		<u>(273.097)</u>	<u>602.971</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	20	(202.152)	(245.284)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	20	71.033	172.158
(Keyptir), seldir, eignarhlutir í tengdum félögum	23	0	(9.100)
(Keyptir), seldir, eignarhlutir í öðrum félögum	23	1.152	(15.759)
Markaðsbréf og aðrar kröfur, breyting		558.268	1.383.980
Krafa á tengt félag, hækkun		0	(1.624.903)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>428.300</u>	<u>(338.908)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán	30	0	61.983
Afborganir langtímaskulda	30	(10.825)	(11.365)
Skuldir við lánastofnanir, hækkun		0	2.614
Skammtímalán, lækkun		(327.574)	(62.556)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(338.400)</u>	<u>(9.324)</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(183.197)	254.739
Handbært fé í ársbyrjun		<u>756.649</u>	<u>771.253</u>
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>573.453</u>	<u>1.025.992</u>
Aðrar upplýsingar	38		

Fjárhæðir eru í þús.kr.

Skýringar

Starfsemi

1. Íslenskir aðalverktakar hf. er eitt stærsta verktakafyrirtæki landsins, félagið er þátttakandi á öllum sviðum byggingaiðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, opinberar byggingar, mannvirkjagerð, jarðvinnu eða gatnagerð, bæði hvað varðar fjármögnun og framkvæmdir. Vaxandi hluti starfseminnar er á sviði eigin framkvæmda og nýsköpunar.

Reikningsskilaaðferðir

2. Árs hlutareikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð árs hlutareikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á árinu 2004.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Samstæða

3. Árs hlutareikningur samstæðunnar tekur til árs hlutareiknings móðurfélagsins og árs hlutareikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra. Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

Skráning tekna

4. Tekjur og gjöld af verktakastarfsemi vegna samningsbundinna verkframkvæmda eru innleyst í rekstrareikningi miðað við framvindu verkframkvæmda.

Gjaldmiðlar

5. Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í lok júní 2005. Áfallnar verðbætur og gengismunur á höfuðstól peningalegra eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

6. Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því ári sem hann fellur til.

Skattamál

7. Tekju- og eignarskattur er reiknaður og færður í árs hlutareikninginn. Útreikningur tekjuskatts byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi.

Tekjuskattsskuldbinding stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og árs hlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Langtímakostnaður

8. Yfirverð, sem ekki tengist eignum og er vegna kaupa eignarhluta í félögum sem sameinuðust móðurfélaginu í ársbyrjun 2000 er fært sem langtímakostnaður.

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt þykir að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði. Kostnaður varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu:

Byggingarlönd.....	0%
Fasteignir.....	3-6%
Vinnuvélar og tæki.....	10-33%
Aðrir rekstrarfjármunir.....	15-25%

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

Áhættufjármunir og langtímakröfur

10. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagum er eignfærður á því verði sem svarar til hlutdeildar samstæðunnar í bókfærðu eigin fé þeirra og er hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga færð í rekstrarreikning. Eignarhlutur í óskráðum félagum eru eignfærðir á upphaflegu kaupverði.

Skuldabréfaeign er færð á nafnverði að teknu tilliti til verðbóta og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Birgðir

11. Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Efnisbirgðir eru metnar á dagverði. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu.

Eigin byggingarframkvæmdir eru metnar á kostnaðarverði en byggingarframkvæmdir tilboðsverka eru metnar miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra.

Viðskiptakröfur

12. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Skammtímakröfur

13. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar. Hér er ekki um endanlega afskrift ræða, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim sem kunna að tapast.

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Markaðsverðbréf

14. Verðbréf þessi eru metin á skráðu markaðsverði á uppgjörstegi. Verðbreytingar fjárfestingaverðbréfa og markaðsverðbréfa eru færðar meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Skuldbindingar

15. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Langtímaskuldir

16. Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því ári sem þau tilheyra.

Viðskiptaskuldir

17. Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

18. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2005 jan-júní	2004 jan-júní
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur.....	117.464.985	67.897.510
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur.....	(142.483.651)	(200.065.470)
	<u>(25.018.666)</u>	<u>(132.167.960)</u>

Óefnislegar eignir

19. Yfirverð sem er að stærstum hluta vegna kaupa á eignarhlutum í félögum sem sameinuðust móðurfélaginu í ársbyrjun 2000 er fært sem langtímakostnaður. Bókfært verð langtímakostnaðar greinist þannig:

Stofnverð í ársbyrjun.....	294.374.795
Afskrifað áður	<u>(157.782.749)</u>
Bókfært verð í ársbyrjun.....	136.592.046
Viðbót á tímabilinu.....	0
Afskrifað á tímabilinu.....	<u>(15.677.926)</u>
Bókfært verð í lok júní 2005.....	<u>120.914.120</u>
Afskriftarhlutfall.....	<u>10% - 20%</u>

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

20. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og byggingarlönd	Vinnuvélar og tæki	Aðrir rekstrarfjármunir	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun.....	874.981.242	2.410.498.972	204.905.897	3.490.386.111
Afskrifað áður	(221.874.645)	(1.586.314.139)	(157.688.710)	(1.965.877.494)
Bókfært verð í ársbyrjun.....	653.106.597	824.184.833	47.217.187	1.524.508.617
Viðbót á tímabilinu.....	41.000.000	161.152.274	0	202.152.274
Selt á tímabilinu.....	0	(63.702.396)	(24.965)	(63.727.361)
Afskrifað og aflagt á tímabilinu.....	(9.571.612)	(106.320.590)	(10.009.639)	(125.901.841)
Bókfært verð í lok tímabilsins.....	<u>684.534.985</u>	<u>815.314.121</u>	<u>37.182.583</u>	<u>1.537.031.689</u>
Afskriftarhlutföll	<u>0% - 6%</u>	<u>10% - 33%</u>	<u>15% - 25%</u>	
21. Afskriftir og aflagðar eignir nema alls				(125.901.841)
Afskriftir langtímakostnaðar.....				(15.677.926)
			<i>Fært í rekstur sem afskriftir:</i>	<u>(141.579.767)</u>

22. Fasteignamat mannvirkja og lóða nam 306 millj.kr. í lok júní 2005. Vátryggingamat fasteigna, véla og tækja að bókfærðu verði 973 millj.kr nam 1.120 millj.kr. í lok júní 2005.

Áhættufjármunir

23. Í lok júní 2005 voru fimmtán dótturfélög innan samstæðunnar auk móðurfélagsins og tveggja dótturfélaga þess.

Eignarhlutur í félögum:

	Nafnverð	Bókfært verð
Óskráð bréf:.....	195.337	8.100.003
	<u>195.337</u>	<u>8.100.003</u>

Skammtímakröfur

24. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu kr. 133 millj.kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótveikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á tímabilinu greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	134.000.000
Breyting á niðurfærslu á tímabilinu.....	(1.000.000)
	<u>133.000.000</u>

Markaðsverðbréf

25. Markaðsverðbréf meðal handbærs fjár samanstanda af skammtímaverðbréfum sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi og öðrum auðseljanlegum verðbréfum sem ætluð eru til sölu eða innlausnar innan þriggja mánaða frá lokum tímabilsins.

Skýringar

Eigið fé

26. Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.399,5 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok júní 2005.....	1.323.296.624	94,55%	1.323.296.624
Eigin hlutir í lok júní 2005.....	76.203.376	5,45%	76.203.376
	<u>1.399.500.000</u>	<u>100,0%</u>	<u>1.399.500.000</u>

27. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári	1.323.296.624	350.000.000	1.450.907.749	3.124.204.373
Hagnaður tímabilsins			299.213.876	299.213.876
	<u>1.323.296.624</u>	<u>350.000.000</u>	<u>1.750.121.625</u>	<u>3.423.418.249</u>

Skuldbindingar

28. Á samstæðunni hvílir skuldbinding vegna eftirlauna. Skuldbindingin nemur 36,4 millj. kr. samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 3% ávöxtun umfram launahækkanir. Lækkun skuldbindingarinnar á tímabilinu 1,1 millj. kr. er færð til tekna í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda.

29. Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar nemur 467 millj. kr. í lok júní 2005 samkvæmt efnahagsreikningi, en hún stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	396.773.596
Tekjuskattur vegna janúar - júní 2005.....	70.465.670
Tekjuskattsskuldbinding í lok júní 2005.....	<u>467.239.266</u>

Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar skiptist þannig á einstaka liði:

Varanlegir rekstrarfjármunir	124.470.826
Verkframkvæmdir.....	223.176.235
Viðskiptakröfur.....	(174.938)
Niðurfærsla hlutabréfa.....	33.067.837
Frestunarákvæði skattalaga um söluhagnað.....	93.257.914
Aðrir liðir.....	(6.558.608)
	<u>467.239.266</u>

Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi:

Tekjuskattsskuldbinding, hækkun janúar - júní 2005.....	70.465.670
Tekjuskattur til greiðslu vegna janúar - júní 2005.....	0
	<u>70.465.670</u>

Skýringar

Langtímaskuldir

30. Yfirlit langtímaskulda:

Innlend óverðtryggð lán.....	10,56%	10.863.630
Innlend verðtryggð lán.....	6,33%	2.940.835.137
Skuldir í erlendri mynt.....	3,96%	23.173.852
		<u>2.974.872.619</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda		<u>(20.983.343)</u>
		<u>2.953.889.276</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í lok júní 2005.

Afborganir langtímaskulda næstu ár:

Afborganir júlí 2005 - júní 2006.....	20.983.343
Afborganir júlí 2006 - júní 2007.....	1.304.881.649
Afborganir júlí 2007 - júní 2008.....	14.256.340
Afborganir júlí 2008 - júní 2009.....	1.615.224.344
Afborganir júlí 2009 - júní 2010.....	15.519.007
Afborganir síðar	4.007.936
	<u>2.974.872.619</u>

Skattamál

31. Skattar vegna janúar - júní 2005 sem lagðir verða á samstæðuna á tímabilinu eru reiknaðir og færðir í árshlutareikninginn.

Veðsetningar, ábyrgðir og önnur mál

32. Á varanlegum rekstrarfjármunum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar að eftirstöðvum 122,5 millj. kr. í lok júní 2005.
33. Auk eigin verkábyrgða að fjárhæð 832 millj. kr. hefur samstæðan gert verksamninga og samninga um sölu húsnæðis við ýmsa aðila sem samstæðan er skuldbundin til að ljúka. Samstæðan er í ábyrgðum vegna sölu fasteignaverðbréfa og skuldabréfa sem leiðir af starfsemi hennar. Samstæðan ber ábyrgð á skuldum viðtökufélagsins Blikastaða ehf. í samræmi við 133. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
34. Samstæðan hefur gert framvirka vaxta og gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu sína. Samningarnir eru færðir í ársreikninginn miðað við markaðsverð þeirra í júní 2005. Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga um vélar og tæki og eru leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.
35. Á árinu 2003 stofnaði félagið ósjálfstæðan skattaðila Fosskraft sf. ásamt Hochtief Construction AG og E.Pihl & Sön A.S. - Ístak hf. JV. Eignarhlutur Íslenskra aðalverktaka hf. er 15% og er hlutdeild félagsins í tekjum, gjöldum, eignum og skuldum færð í árshlutareikninginn. Verkefni Fosskrafts JV er að byggja stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar fyrir Landsvirkjun, merkt KAR-15. Upphaf verktíma er 26. ágúst 2003 en áætluð verklok eru 1. nóvember 2007.
36. Á árinu 2004 stofnaði félagið ósjálfstæðan skattaðila Kollufell sf. ásamt Ístaki hf. Eignarhlutur Íslenskra aðalverktaka hf. er 50% og er hlutdeild félagsins í tekjum, gjöldum, eignum og skuldum færð í árshlutareikninginn. Verkefni Kollufells sf. er að sinna verkefnum í tengslum við byggingu álvers í Reyðarfirði.

Skýringar

37. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2005 jan.-júní	2004 jan.-júní
Laun	930.759.410	831.813.152
Launatengd gjöld	153.165.708	131.918.957
	<u>1.083.925.118</u>	<u>963.732.109</u>
Meðalfjöldi starfa	435	446

Heildarlaun og þóknar til stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra félagsins á tímabilinu námu 30,7 milljónum króna.

Aðrar upplýsingar

38. Innborgaðar vaxtatekjur.....	107.201.548
Greidd vaxtagjöld.....	48.125.680

Sjóðstreymi

39. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers árs.

	2005 jan.-júní	2004 jan.-júní	2003 jan.-júní	2002 jan.-júní	2001 jan.-júní
Hagnaður tímab./ársins.....	299.214	213.542	80.256	222.341	(214.445)
Afskriftir.....	141.580	128.381	185.712	143.692	152.115
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	40.607	68.153	(3.469)	(114.254)	197.192
Aðrar breytingar.....	61.304	(26.426)	(8.491)	(21.976)	(23.798)
Hreint veltufé frá rekstri	<u>542.705</u>	<u>383.650</u>	<u>254.008</u>	<u>229.803</u>	<u>111.064</u>
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(1.896.192)	(86.658)	1.696.519	601.658	(317.538)
Rekstrartengdum skuldum.....	1.080.391	305.979	(192.381)	91.232	48.655
Handbært fé frá rekstri	<u>(273.097)</u>	<u>602.971</u>	<u>1.758.146</u>	<u>922.693</u>	<u>(157.819)</u>

Kennitölur

40. Úr efnahagsreikningi	30.06.2005	31.12.2004	31.12.2003
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	2,9	3,3	5,3
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	35%	37%	54%
Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé	2,59	2,36	5,30
Afkoma á hverja krónu nafnverðs	0,23	0,27	0,50
Ársávöxtun eigin fjár	20,1%	6,5%	19,8%